



Hörgársveit

Fréttabréf

29. desember 2014 5. árgangur 14. tölublað

Gleðileg jól

Sveitarstjórnin og starfsmenn á skrifstofu sveitarfélagsins óska íbúum þess gleði og friðar á jólum og farsældar á nýju ári með þökk fyrir árið sem er að líða.

(Vegna frestunar á sveitarstjórnarfundum kemur fréttabréfið núna út eftir að jólin eru byrjuð, en jólakveðjan á sama erindi þrátt fyrir það!)

Sveitarstjóri segir starfinu lausu

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lagt fram bréf frá Guðmundi Sigvaldassyni, þar sem hann segir lausu starfi sínu sem sveitarstjóri. Á fundinum var oddvita veitt umboð til að undirbúa ráðningu eftirmanns Guðmundar.

Nýársbrenna

Ungmennafélagsins verður laugardaginn 3. janúar í malarkrúsunum norðan við Laugaland. Kl. 20:00 verður kveikt í og púkar fara á stjá. Eftir brennuna verður kaffi, kökur og bingó í Þelamerkurskóla, sem er fjáröflun fyrir ferð nemenda í skólabúðir á Reykjum í Hrutafirði. PS. Verum meðvituð um veðurspána þegar þar að kemur.

Sundkort fyrir 2015

Sundkort án endurgjalds verða gefin út fyrir árið 2015 með svipuðu fyrirkomulagi og á árinu 2014. Sundkortin verða afgreidd á skrifstofu sveitarfélagsins, þau geta þeir einir fengið sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu. Framvegis verður ekki unnt að fá sundkort geymt í afgreiðslu sundlaugarinnar, eins og var á árinu 2014. Þá verður alltaf nauðsynlegt að framvísa kortinu þegar komið er í sund.

Hörgársveit

Sími: 460 1750
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Údráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 53 18. desember 2014

Mætt voru: Axel Grettisson, Ásrún Árnadóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir og Jón Þór Benediktsson

1. Sveitarstjóri, uppsögn starfs

Lagt fram bréf, dags. 4. desember 2014, frá Guðmundi Sigvaldasyni þar sem hann segir lausu starfi sínu sem sveitarstjóri. *Sveitarstjórn samþykkti að veita oddvita umboð til undirbúa ráðningu eftirmanns Guðmundar.*

2. Gjaldskrár 2015

Rætt um gjaldskrár leikskólagjalda og mótuneytisgjalds fyrir árið 2015. *Sveitarstjórn samþykkti að frá 1. janúar 2015 kosti hver klst. í vistun í Álfasteini 3.295 kr. á mánuði, að fullt fæði í leikskóla kosti 7.280 kr. á mánuði og að mótuneytisgjald í þelamerkurskóla verði 600 kr. á dag.*

3. FabLab á Akureyri, stofnun

Lagt fram tölvubréf, dags. 18. nóvember 2014, frá Akureyrarbæ um stofnun svonefnds „FabLab“ á Akureyri. Um er að ræða samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, VMA, Nýsköpunarmiðstöðvar og SÍMEYjar.

Sveitarstjórn samþykkti að viðræður fari fram um hugsanlega aðild að FabLab.

4. Fjárframlög til stjórn málasamtaka

Lagt fram tölvubréf, dags. 26. nóvember 2014, frá Ríkisendurskoðun, þar sem gerð er grein fyrir því að sveitarfélaginu er skylt að veita fjárframlög til stjórn málasamtaka sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkti að veitt verði samtals kr. 25.000 á ári til þeirra lista sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn frá og með árinu 2014.

5. Reiðleið, beiðni um styrk

Lagt fram bréf, dags. 28. nóvember 2014, frá Ólafi Aðalgeirssyni o.fl., þar sem óskað er eftir styrk til lagningar reiðleiðar norður frá Dagverðareyri. *Sveitarstjórn samþykkti að veittur verði kr. 250.000 styrkur til reiðleiða.*

6. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2015-2018, seinni umræða

Fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og veitna fyrir árin 2015-2018 var tekin til síðari umræðu. Fyrir lá endurskoðuð tillaga með breytingum á þeirri tillögu sem var til fyrri umræðu, í samræmi við nýjar upplýsingar.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árin 2015-2018 með þeim breytingum sem gerðar voru á henni á fundinum. Hún gerir ráð fyrir að á árinu 2015 verði skatttekjur 371,9 m.kr., að heildarrekstrarkostnaður A-hluta verði 360,4 m.kr. og að rekstrarhalli veitna verði 2,9 m.kr, þannig að rekstrarafgangur verði 8,6 þús.kr., að veltufé frá rekstri verði 36,2 m.kr., að til framkvæmda og annarra eignabreytinga á árinu verði varið 45 millj.kr. og að lántaka verði að fjárhæð 50 m.kr. Þá er áætlað að handbært fé í árslok 2015 verði 13,8 m.kr. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir að afgangur af rekstri verði 9,5 m.kr., 18,8 m.kr. árið 2017 og 17,7 m.kr. árið 2018. Þá er gert ráð fyrir að fjárfestingar verði 10 m.kr. á ári 2016-2018, og að lántökur verði 10 m.kr. á ári 2016 -2018.

7. Ós, sala landspildu

Tekin fyrir að nýju niðurstaða útboðs á landspildu úr jörðinni Ós. *Sveitarstjórn samþykkti að landspilda merkt B í landi Óss verði seld hæstbjóðanda, Agli Snæ Þorsteinsyni.*

8. Dysnesspilda, leiga

Rætt um leigu og/eða sölu á svonefndri Dysnesspildu til Hafnasamlagsins. *Sveitarstjórn samþykkti að viðræður eigi sér við Hafnasamlag Norðurlands um sölu og/eða leigu á svonefndri Dysnesspildu og að oddviti og sveitarstjóri hafi umboð til að gera samning um málið í samræmi við umræðum á fundinum.*

9. Laugaland, breyting á eignarhaldi

Lögð fram álitserð frá Stefáni Ólafssyni hrl. um atriði sem tengjast breyttu eignarhaldi á jörðinni Laugalandi. *Sveitarstjórn samþykkti að fela oddvita og sveitarstjóra að eiga viðræður við þá aðila sem tengjast málinu.*

10. Kosning í skipulags- og umhverfisnefnd

Tekið fyrir að nýju bréf, dags. 12. nóvember 2014, frá Róbert Fanndal þar sem hann segir sig úr skipulags- og umhverfisnefnd. *Sveitarstjórn samþykkti að kjósa Agnar Þór Magnússon í nefndina.*

11. Auðnir I, umsögn um umsókn um rekstrarleyfi

Lagt fram tölvubréf, dags. 26. nóv. 2014, frá Sýslumanninum á Akureyri, þar sem óskað er eftir umsögn um umsókn um gististaðarekstrarleyfi að Auðnum I. *Sveitarstjórn samþykkti að af hálfu sveitarfélagsins verði ekki gerð athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis skv. gististaðaflokki I að Auðnum I.*

12. Minjasafnið á Akureyri ses., aðalfundur

Lagt fram bréf, dags. 3. desember 2014, frá Minjasafninu á Akureyri, þar sem boðað er til aðalfundar sjálfseignarstofnunarinnar þann 18. desember 2014. *Sveitarstjórn samþykkti að Jóhanna María Oddsdóttir fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Minjasafnsins á Akureyri ses. árið 2014.*

13. Greið leið, hlutafjárukning

Lagt fram bréf, dags. 3. desember 2014, frá Greiðri leið ehf. um árlega hlutafjárukningu félagsins vegna Vaðlaheiðarganga hf. Hlutfé Greiðrar leiðar ehf. í Vaðlaheiðargöngum hf. hækkar um 40 millj. kr. á ári á árabílinu 2013-2017. Í bréfinu kemur fram að Höldur ehf. er reiðubúið að leggja fram 1 m.kr. á árinu, þannig að gert er ráð fyrir að hluthafar Greiðrar leiðar ehf. leggi að þessu sinni samtals fram 39 m.kr. Hlutur Hörgársveitar í þeirri fjárhæð er 292.462 kr. *Sveitarstjórn samþykkti að fallið verði frá forkaupsrétti sveitarfélagsins að fyrirhugaðri sölu á hlutfé að fjárhæð 1 millj. kr. í Greiðri leið ehf. til Hölds ehf. og jafnframt að hlutfé sveitarfélagsins í félaginu verði aukið um 292.462 kr.*

14. Fólkvangurinn Hrauni, tilnefning í umsjónarnefnd

Lagt fram bréf, dags. 12. desember 2014, frá Umhverfisstofnun, þar sem óskað er eftir tilnefningu eins manns af hálfu sveitarfélagsins í umsjónarnefnd fyrir fólkvanginn Hraun í Öxnadal. *Sveitarstjórn samþykkti að tilnefna Ásrún Árnadóttir í umsjónarnefndina.*

15. Jónasarlundur, kosning í stjórn

Rætt um kosningu í stjórn Jónasarlundar. *Sveitarstjórn samþykkti að skipa Þorstein Rútsson, Sigríði Svavarsdóttur og Sigurð B. Gíslason í stjórnina.*

16. Lónsbakki (152555), endurmat fasteignar

Lagt fram til kynningar bréf, dags. 9. des. 2014, frá Þjóðskrá Íslands um beiðni um endurmat á fasteigninni, sem hýsir hluta af starfsemi Húsasmiðjunnar hf.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 15. janúar í Þelamerkurskóla
Dagskrá hans mun birtast á www.horgarsveit.is 13. janúar

Um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins

Eins og fram kemur í fundargerð sveitarstjórnarinnar hefur fjárhagsáætlun sveitarsjóðs fyrir árið 2015 verið afgreidd og þar koma fram helstu niðurstöðutölur hennar. Í fundargerðinni eru ekki tók á að sýna með skýrum hætti að staða sveitarsjóðsins er slæm, svo að það verður að bíða betri tíma. Hér verður látið nægja að nefna nokkrar ástæður hinnar slæmu stöðu.

- Helsti tekjustofn sveitarfélagsins, staðgreiðsla útsvars, hefur skilað minni tekjum að raungildi á allra síðustu árum en á árunum þar á undan.
- Framlög úr Jöfnunarsjóði hafa lækkað að raungildi frá árinu 2009.
- Íbúum hefur fækkað undanfarin ár, en fækkunin virðist þó hafa stöðvast.
- Aðallega af ofangreindum ástæðum hefur rekstrarniðurstaða sveitarsjóðsins hefur verið óviðunandi í nokkur undanfarin ár.
- Væntanlegt nýtt launafyrirkomulag hjá grunnskólakennurum mun hafa talsverð neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðuna á næstu árum.
- Styrkveiting til lagningar ljósleiðara mun hafa afgerandi neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu árunna 2014, 2015 og 2016.

Ef horft er lengra fram í tímann, hafa m.a. eftirfarandi þættir neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins:

- Húsrymi Íþróttamiðstöðvar og Þelamerkurskóla er mun meiri en þörf er á, miðað við lögbundna starfsemi. Viðhaldskostnaður þessara stofnana til lengri tíma er því meiri en í sambærilegum sveitarfélögum.
- Uppsöfnuð viðhaldsþörf í Þelamerkurskóla er veruleg.
- Tiltölulega óhagkvæmt er að reka tvö lítil þéttbýli í sveitarfélaginu, m.t.t. umhírðu, fráveitu o.fl.

Hið jákvæða í stöðunni er að skuldsetning sveitarsjóðsins er tiltölulega lítil. Það getur skapað svigrúm til að fjárfesta í rekstrarhagræðingu.

Á síðustu misserum hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til að lækka rekstrarkostnað sveitarfélagsins, má þar til dæmis nefna:

- Hætta rekstri verksmiðjubygginganna á Hjalteyri
- Bjóða út löggilda endurskoðun, sem minnkaði kostnað
- Hætta rekstri gáma fyrir óflokkaðan úrgang
- Hætta rekstri félagsheimilisins Mela
- Fækka fulltrúum í nefndum og hætta að greiða akstur á nefndarfundi
- Styttu afgreiðslutíma í íþróttamiðstöðinni